




Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 3	<b>Áfangalýsing DANS2BB05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	22. september 2016
<b>Námsgrein</b>	Danska
<b>Titill</b>	Danska fyrir sjálfstæðan notanda - c
<b>Skammstöfun</b>	DANS2BB05
<b>Viðfangsefni</b>	Evrópski tungumálaramminn, stig b2, undirstaða
<b>Staða áfanga</b>	Sampykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	2
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	Lögð er áhersla á að nemendur verði læsir á flókna texta og geti áttað sig á dýpri merkingu þeirra. Nemendur fá ríkuleg tækifæri til munnlegrar og skriflegrar tjáningar og vinna saman að verkefnum og kynningum sem þeir flytja fyrir hópinn. Nemendur leita m.a. fanga á vefsíðum og horfa á stuttmyndir. Áhersla er lögð á skapandi skrif en einnig þjálfast nemendur í að umskrifa og bæta eigin texta. Yfir önnina safna nemendur verkefnum í möppu sem endurspeglar færni þeirra í öllum þáttum tungumálsins.
<b>Forkröfur áfanga</b>	DANS2BA05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hvernig ólík viðhorf og gildi móta danska menningu og geta tengt þau eigin samfélagi og menningu</li> <li>• hvernig hann flokkar og greinir orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða</li> <li>• hvernig stjórnsmál, fjölmiðlar og saga hafa haft áhrif á þjóðfélagsmótun í Danmörku</li> <li>• hvernig hann greinir orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi</li> <li>• þær hefðir sem eiga við um talað og ritað mál t.d. mismunandi málsnið</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa margs konar gerðir texta, ekki síst fræðitexta, og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hverrar gerðar textinn er</li> <li>• skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing DANS2BB05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 3		

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa sér til ánægju eða upplýsingar texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð</li> <li>• skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.</li> <li>• beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir grunnhæfniviðmiðum þrepsins</li> <li>• taka virkan þátt í samræðum á viðeigandi hátt og geta beitt málfari við hæfi</li> <li>• nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum</li> <li>• tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér</li> <li>• geta tjáð sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg</li> <li>• skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál</li> <li>• skilja almennt talað mál, jafnvel þar sem frásögnin er ekki sett skipulega fram</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• afla sér upplýsinga úr fjölmiðlum, fréttum, fyrirlesturum og frekar flóknum rökræðum</li> <li>• afla sér upplýsinga úr greinum og skýrslum sem tengjast vandamálum samtímans þar sem fram koma ákveðin viðhorf eða skoðanir</li> <li>• geta greint stílbrigði úr löngum og flóknum textum og nútímabókmenntum</li> <li>• geta lesið úr lengri tæknileiðbeiningum</li> <li>• geta tekið þátt í samræðum af nokkru öryggi og án mikillar umhusunar í regulegum samskiptum við Dani</li> <li>• geta tekið virkan þátt í umræðum um kunnugleg málefni og geta gert grein fyrir og haldið skoðunum sínum á lofti</li> <li>• geta skrifað margs konar texta, s.s. ritgerð eða skýrslu, til að koma upplýsingum eða skoðunum á</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing DANS2BB05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 3 af 3		

	<p>framfæri, og fylgt þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Námsmat er í formi símats; munnlegra og skriflegra smærri og stærri verkefni sem dreifast jafnt yfir önnina. Þau byggja á kennara-, sjálfs- og jafningjamati og á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>